

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 104/1961. **Vikan h/f** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 (Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1961 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.049.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 31. ágúst 1960 til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vikan h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Vikan h.f. höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 24. september 1960, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 12.049.00 með 9% ársvöxtum frá 31. ágúst 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður stefnanda

dómkröfum umbjóðanda síns þannig, að hann krafðist 10% ársvaxta af stefnufjárhæðinni frá 31. ágúst 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Lögmaður stefnda samþykkti, að koma mætti þessum breyttu kröfum fram í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera söluskatt, sem hann hafi greitt til tollstjórans í Reykjavík 31/8 1960 með fyrirvara, eftir að stefnanda hafi verið hótad stöðvun á atvinnurekstri, ef hann greiddi ekki.

Stefnandi heldur því fram, að ríkissjóði beri að endurgreiða fé þetta, því að samkvæmt lögum nr. 10/1960; 6. gr., 11. tölul., sé hann ekki söluskattskyldur.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi ritað Fjármálaráðuneytinu bréf þann 13/9 1960 og farið fram á að fá söluskattinn endurgreiddan, en Fjármálaráðuneytið hafi synjað endurgreiðslu.

Samkvæmt 11. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 eru innlend dagblöð, hliðstæð blöð svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að Vikan sé ekki hliðstæð innlendum dagblöðum, hvorki að formi né efni.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 100/1948, sem numin voru úr gildi með lögum nr. 10/1960, voru dagblöð og vikublöð undanþegin söluskatti.

Því hefur verið haldið fram að hálfu stefnanda, að þess vegna hefði þurft að taka það sérstaklega fram í lögum nr. 10/1960, ef um breytingu væri að ræða á undanþágu vikublaða frá sölu-skatti.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hið breytta orðalag 11. tl. 6. gr. laga nr. 10/1960, frá því sem var í 23. gr. A laga nr. 100/1948, beri vott um breytta afstöðu löggjafans til þessara mála.

Í 2. gr. laga nr. 10/1960 segir, að greiða skuli 3% söluskatt af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, eftir því sem nánar sé ákveðið í lögum þessum.

Ákvæði 6. gr. laga þessara er því undantekningarákvæði. Í athugasemdum við frumvarp að lögum nr. 10/1960 er þess getið, að með 6. gr. laganna sé undanþágum frá söluskatti á vöru og verðmætum sölu fækkað verulega, frá því sem þá hafi verið. Með hliðsjón af þessu verður ekki fallizt á þá röksemdafærslu

stefnanda, að nauðsynlegt hafi verið að taka það sérstaklega fram í lögum nr. 10/1960, að um breytingu væri að ræða á undanþágu vikublaða frá söluskatti.

Vikublaðið Vikan er frábrugðið innlendum dagblöðum um margt.

Dagblöðin eru, auk þess að vera fréttablöð, flest eða öll mál-gögn stjórnmalaflokka, og efni þeirra er að miklu leyti við það miðað, að það verði til stuðnings þessum flokkum og stefnum þeirra.

Vikublaðið Vikan er hins vegar gefið út í ágóðaskyni og efni hennar ætlað lesendum aðallega til skemmtunar.

Samkvæmt lögum nr. 100/1948 voru tímarit ekki undanþegin söluskatti, en samkvæmt 11. tl. 6. gr. laga nr. 10/1960 eru tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti. Vikublaðið Vikan er áþekk þeim tímaritum, sem gefin eru út í ágóðaskyni mánaðarlega og ekki eru undanþegin söluskatti.

Með skírskotun til framanritaðs ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vikunnar h.f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. febrúar 1962.

Nr. 167/1960. **Páll Guðjónsson** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Hallbirni Elinmundarsyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafizt var frádráttar á vinnulaunum vegna ófullkominna vinnubragða. Endurheimta.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með